


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	<b>Innréttingar</b> <b>INR 106C</b> <b>Kennsluáætlun vorannar 2010</b>	

<b>Kennarar</b>	<i>Halldór Torfi Torfason</i> <i>Ketill Sigurðarson</i> <i>Kristján Davíðsson</i>	<b>Sk.st</b>	<i>HTT</i> <i>KES</i> <i>KRD</i>
-----------------	---	--------------	--

## Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu og yfirborðsmeðferð, pússningu, lökkun og vélvinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Farið verður yfir samsetningar á plötuefni, smíðafestingar, smíðatengi og uppsetningar á innréttingum.


Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli, stærðir og lögun framleiðsluvörunnar.

Farið verður í viðarfræði og framleiðslu á viðarspóni.

## Áfangamarkmið:

Nemandi

- ✓ þekki efni sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða
- ✓ þekki verkfæri og tæki sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði
- ✓ þekki og geti valið sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
- ✓ geti á grundvelli upplýsinga um einstakar vélar reiknað vinnsluhraða m.m.
- ✓ kunni að velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga og spónskurðar
- ✓ þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og véla
- ✓ kunni skil á helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum
- ✓ geti valið viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
- ✓ geti valið límáburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
- ✓ hafi þekkingu á mismunandi lími og límhörðunarkerfum fyrir spónlagningu
- ✓ þekki mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum
- ✓ þekki helstu aðferðir til að þurrka lakk og málningu á verkstæðum
- ✓ þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
- ✓ geti smíðað innréttingar og innihurðir og sett upp
- ✓ geti smíðað innréttingar og skápa ásamt sökklum úr plötuefni og límtré
- ✓ þekki helstu gerðir skáphurða og geti smíðað þær úr mismunandi efnum
- ✓ geti smíðað og sett upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa
- ✓ þekki mismunandi gerðir innihurða og geti smíðað spjaldahurðir
- ✓ geti skorið, klippt og límt saman spón með algengustu mynstrum
- ✓ geti kantlímt og spónlagt plötuefni með þvingum og í spónlagningarpressu
- ✓ geti slípað og yfirborðsmeðhöndlað spónlagða hluti í höndum og vélum
- ✓ geti staðsett og tekið úr fyrir lömum og skráum með tækjum og vélum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	<b>Innréttingar INR 106C Kennsluáætlun vorannar 2010</b>	

✓ vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

## Kennslugögn:

Heftið um **Innréttingar** sem lönú gefur út.

Ljósrit frá kennara um viðarfræði.

## Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin og lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér punkta sem koma frá kennara. Farið verður í vinnustaðaheimsóknir og vettvangsferðir.

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur og tengist verklegi hlutinn innangerð og smíði á innréttingum í sumarhúsi sem verið er að smíða við skólann, ásamt því að nemendur geri verkefni með mismunandi samsetningum. Einnig verða ýmislegt smíðað fyrir skólann.

## Verkefnin:

Vika	Námsefni (verklegur hluti)
2 – 8	Klæðning inn- og útveggja ásamt millilofti í sumarhúsi VMA
9 – 18	Frágangur sumarhúss að innan
3 – 18	Innréttingasmíði og uppsetning
3 – 18	Einstaklingsverkefni

## Námsmat:

Áfanganum lýkur með skriflegu prófi.

Ef smíði sumarhúss er lokið verður ekki verklegt próf, annars verður próf í heilan dag.

Skriflega prófið gildir 20% (Ná verður prófinu svo starfseinkunn gildi).

Starfseinkunn 80%. Símat verður í gangi alla önnina þar sem framfarir, viðvera (líkamleg og andleg) og ástundun verða metnar.


**Ef verklegt lokapróf verður í áfanganum gildir það 20% og starfseinkunn 60%**

Einhver skrifleg verkefni verða á önninni sem gilda inn í starfseinkunn.

Með von um gott samstarf á önninni.

HTT, KES & KRÐ

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	<b>Innréttingar INR 106C Kennsluáætlun vorannar 2010</b>	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils